

# Minnisblað

Til: Fræðslunefndar  
Frá: Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur  
Dags. 20. september 2019  
Mnr. 2019030031



ÍSAFJARÐARBÆR

## Gjaldská skíðasvæðis 2020.

Vinna við gjaldskrá Ísafjarðarbæjar hefur farið fram í Íþróttá- og tómstundarnefnd árið 2019 fyrir árið 2020. Til rökstuðnings eru lögð fram greinagerð frá forstöðumanni skíðasvæðis þar sem hann fer yfir breytingar á gjaldskrá og hvaða forsendur liggja á bakvið helstu gjaldskráarliði.

Hver er ávinningur af breyttri gjaldskrá ?

- Meira vöruúrval aðgangspassa fyrir notendur.
- Vöruflokkar sem styðja framboð og gagnsæi til notenda.
- Hvetjandi framsetning til kaupa á Vetrarkorti.
- Vöruflokkar líkari því sem tíðkast á öðrum skíðasvæðum.
- HI / Low seson þar sem low season er hægstæðara fyrir heimamenn. Hi þegar svæðið er mest sótt um páska, minna niðurgreitt og hærra þjónustustig fyrir notendur.
- Frítt inn á byrjandasvæði alpamegin á Low seson fyrir alla notendur, foreldrar geti fylgt börnum sínum fyrstu skrefin í vetrarþróttum, göngusvæði frítt undir 18 ára.
- Fjölskyldupassi Superfjöldi fastur afsláttur ef fleiri en einn passi er keyptur
- Afsláttur við framvísun á skólakorti fyrir Mennta-há-Lýðháskóla nema

Mikil vinna hefur farið í breytingar á gjaldskrá bæði hjá Forstöðumanni og Íþróttá- og tómstundarnefnd, vinnan hófst fyrir 3 árum en þótti róttæk og mikil breyting sem þyrfti að aðlaga betur að þeirri þjónustu sem við getum veitt. Ný Íþróttá & Tómstundarnefnd hefur frá byrjun kjörtímabils unnið að breytingum á gjaldskrá af heilindum ásamt því að Forstöðumaður hefur kynnst sér gjaldskrár annarra svæða, heimfært það yfir á okkar frábæra svæði ásamt því að skoða hvaða áhrif þessar breytingar hafa á núverandi tekjuhlið, samanburðurinn mjög svipaður. Þarna er hvetjandi gjaldskrá sem er kostnaðarsamari fyrir notendur en sú gamla en jafnframt hagkvæmari þar sem notendur hafa fleiri möguleika til þess að iðka skíðaíþróttina.

*Ef óskað er frekari útskýringa getur Forstöðumaður svarað frekari fyrirspurnum.*

Hlynur Kristinsson  
Forstöðumaður  
Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar

SÁ